


Umhverfisstofnun
Sigurður Ingason
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík



Efni: Starfsleyfi fyrir Stakksbraut 9 ehf.

Vísað er til erindis Umhverfisstofnunar dags. 10. apríl 2014 þar sem tilkynnt er um tillögu að starfsleyfi fyrir Stakksbraut 9 ehf. til að framleiða allt að 100.000 tonn af hráklísi og allt að 38.000 tonn af kísilryki og 6.000 tonn af kísilgjallí á ári í Helguvík í Reykjanesbæ.

Ofangreind framkvæmd fór í mat á umhverfisáhrifum sem lauk með álti Skipulagsstofnunar dags. 10. maí 2013.

Skipulagsstofnun hefur boríð saman losunarmörk í tillögu að starfsleyfi við ráðgerða losun samkvæmt framlagðri matsskýrslu framkvæmdaraðila. Samanburðurinn sýnir að ráðgerð losun samkvæmt matsskýrslu mun rúmast innan losunarmarka í tillögu að starfsleyfi.

Skipulagsstofnun vekur athygli Umhverfisstofnunar á niðurstöðu í fyrrgreindu álti, en þar segir m.a.:

Útreikningar á dreifingu helstu mengunarefna í matsskýrslu sýndu að mengun reiknast alls staðar neðan viðmiðunarmarka reglugerða. Skipulagsstofnun telur í því ljósi að framkvæmdaraðili geti staðið við þær fullyrðingar að styrkur helstu mengunarefna verði innan marka gildandi reglugerða. Það breytir ekki því að starfsemin felur í sér töluberða losun mengunarefna og mun rýra loftgæði nokkuð. Jafnframt ber að hafa í huga að tiltölulega skammt er í nyrsta hluta þéttbýlisins í Reykjanesbæ og því brýnt að fylgjast vel með styrk helstu mengunarefna á svæðinu sem og mögulegum afleiddum áhrifum þeirra. ... Skipulagsstofnun telur jafnframt að það sé mjög brýnt að vakta svæðið umhverfis Helguvík frá gangsetningu fyrsta áfanga verksmiðjunnar. Þar sem fyrirhugað er að reisa ólver og kíslíver á sama svæði er ljóst að mengunarálag á svæðinu mun aukast verulega.

Skipulagsstofnun hvetur til þess að komið verði á sameiginlegri vöktun rekstraraðila á Helguvíkursvæðinu með sambærilegum hætti og tíðkast hefur á Grundartangasvæðinu.

Skipulagsstofnun gerir ekki frekari athugasemdir við tillögu að starfsleyfi fyrir Stakksbraut 9 ehf.



Sigurður Ásbjörnsson